

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2025
UOS2504154/E.S.F.
13.05.00

Efni – Matsskyldufyrirspurn – Stækkun efnistökusvæða innan deiliskipulags Hvammsvirkjunar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um framangreinda matsskyldufyrirspurn.

Framkvæmdarlýsing

Tilgangur efnistökkunnar er að afla efnis fyrir framkvæmdir við Hvammsvirkjun og tengdar framkvæmdir, einkum nýjan Þjórsárdalsveg. Aðallega er um að ræða fyllingarefni í vegagerð auk efnis sem þarf að standast gæðakröfur, t.d. mól í steypu. Þær efnistökuheimildir sem eru í gildandi deiliskipulagi byggja á umhverfismati frá 2003 og 2017. Í gildandi umhverfismati og skipulagi er efnistökuheimild innan efnistökusvæðis E26 allt að 500.000 m³ á 90 ha svæði, breytingin felur í sér 390.000 m³ til viðbótar á 24,9 ha svæði. Stækkar flatarmál efnistökusvæðis E26 því um tæplega 28%. Öll viðbótarefnistaka sem hér er til umfjöllunar er innan framkvæmdasvæðis Hvammsvirkjunar.

Valkosturinn sem er settur fram í matsskyldufyrirspurninni er talinn hagstæðastur bæði fyrir framkvæmdaraðila og umhverfið. Framkvæmdaraðilar telja útilokað að finna aðra valkosti í Þjórsárdal sem bjóða upp á sama efnismagn með minni umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatn

Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að efnistakan hefur áhrif á vatnshlotin *Þjórsá 1* (103-663-R) og *Þverá* (103-895-R). Fyrirhuguð er bygging Hvammsvirkjunar í *Þjórsá 1*. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að efnistakan í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar er mjög umfangsmikil og hefur áhrif á vatn. Því er það mat stofnunarinnar að það þurfi að framkvæma áhrifamat á vatnshlotin vegna efnistökkunnar. Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að áætlað sé að framkvæmdin taki fimm ár. Þar sem framkvæmdin tekur langan tíma er mikilvægt að gera grein fyrir áhrifum af efnistökkunni á sjálfum framkvæmdartímanum líka. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að kröfur um vöktun á vatnshlotum ættu að vera hluti af útgefnu leyfi sem veitt er vegna framkvæmdanna. Vakta þarf þá gæðapætti sem áhrifamat leiðir í ljós að helst verði fyrir áhrifum af völdum framkvæmdarinnar.

Þá bendir Umhverfis- og orkustofnun á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*¹ um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Efnistaka úr ám getur haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti straumvatnshlota sem hefur síðan áhrif á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðapætti, en nauðsynlegt er að meta þessa gæðapætti. Hægt er að endurskoða áhrifamatið í framkvæmdarferlinu eftir því sem gögn um framkvæmdina verða nákvæmari og skýrari. Áður en leyfi, t.a.m. framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn vegna efnistökkunnar og hugsanlega starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlot vegna efnistökkunnar að liggja fyrir. Það er mikilvægt svo að leyfisveitendur geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála.

Niðurstaða

Efnistakan í tengslum við Hvammsvirkjun er mjög umfangsmikil og er einn af mörgum framkvæmdapáttum í tengslum við virkjunarframkvæmdirnar. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að mikilvægt er að staðið verði við skilyrði og skuldbindingar úr fyrra umhverfismati og farið í þær mótvægisaðgerðir sem koma fram í tilkynningarskýrslunni vegna stækkunar efnistökkusvæða til þess að lágmarka umhverfisáhrifin af framkvæmdinni. Það er hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar að veita heimild fyrir breytingu á vatnshloti að uppfylltum öllum nauðsynlegum skilyrðum ásamt því að gefa út virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Því óskar stofnunin eftir því að framkvæmt verði áhrifamat fyrir þau vatnshlot sem efnistakan nær til og fyrir efnistökkuna í heild sinni, ekki bara viðbótina, þar sem gerð er grein fyrir áhrifum hennar á umrædd vatnshlot bæði á framkvæmdartímanum og eftir að framkvæmdum líkur. Áhrifamatið óskast sent stofnuninni og bendir stofnunin framkvæmdaraðila á að senda það jafnframt til annarra leyfisveitenda.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir

sérfræðingur

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)